

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 7. apríl 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 961 - 569. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn). Félagið fagnar frumvarpinu og er sammála markmiði þess, það er að stytta boðunarlista til afplánunar refsinga. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að dómþolum á boðunarlista Fangelsismálastofnunar hafi fjölgað umtalsvert síðustu ár og þrátt fyrir uppbyggingu í fangelsiskerfinu á undanförunum árum hafi fangelsin ekki getað sinnt fullnustu allra dæmdra fangelsisrefsinga og vararefsinga. Jafnframt kemur fram að verið sé að bregðast við tillögum um úrbætur sem fram komu í skýrslu starfshóps Dómsmálaráðherra frá 2020 og að ekki hafi þótt ástæða til að bregðast við ábendingum Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál við drög að frumvarpinu sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um sé að ræða tímabundna heimild sem fellur úr gildi 1. júlí 2024. Þá kemur fram að ekki þurfi að skoða sérstaklega samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar þar sem um er að ræða breytingar sem eru ívilnandi. Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að með aukinni heimild til að fullnusta refsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu verði aðgangur að ráðgjöf og stuðningi fagaðila, svo sem félagsráðgjafa einnig aukin.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Hér er um að ræða mikilvæga breytingu á lögum um fullnustu refsinga sem er til þess fallin að draga úr endurkomutíðni í fangelsi. Draga má í efa betrunargildi fangelsisvistar og því mikilvægt að leita annara leiða fyrir einstaklinga sem ógna ekki

almannahagsmunum. Félagið vill hvetja stjórvöld til þess að hafa breytinguna sem frumvarpið tekur til ótímabundna.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður